

Mennta- og barnamálaráðuneyti  
b.t. skrifstofu ráðuneytisstjóra og innri þjónustu  
Sölvhólsgrötu 4,  
150 Reykjavík  
[mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)

Reykjavík 11. september 2023

Efni: Umsögn um áform um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla, mnr.  
MRN23050148

Tilfni breytinga á ákvæðum laga um framhaldsskóla er auka samræmi á milli laganna og þeirra breytinga sem hafa orðið á ytra umhverfi framhaldsskóla að mati ráðuneytisins sem telur að núgildandi lög um framhaldsskóla veiti ekki fullnægjandi lagastoð fyrir nauðsynlegum umbótum m.a. vegna vinnustaðanáms; innritunar nemenda í framhaldsskóla; viðbragða við ofbeldismálum; samningagerðar við einkaaðila um rekstur námsbrauta á framhaldsskólástigi.

Breytingatillögur ráðuneytisins á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 gera ráð fyrir að ákvæði d-liðar 1. mgr. 25. gr. verði fellt brott og breytingum því til samræmis á 3. mgr. 25. gr. laga um framhaldsskóla. Þá er gert ráð fyrir breytingum á 28. gr. og 30. gr. laganna vegna vinnustaðanáms, breytingum á 32. gr., 33. gr., 33. gr. a. og 33. gr. b. laganna vegna EKKO mála og breytingum á 43. gr. og 44. gr. laganna vegna samninga við einkaaðila.

### **Umsögn**

Almennar breytingartillögur á lögum um framhaldsskóla þ.e.a.s. breytingar á 33. gr. laganna sem snúa að forvörnum og auknum réttindum nemenda er fagnað. Breytingartillögur á 43. gr. sem snúa að samningum ríkisins um rekstur einkaskóla á framhaldsskólástigi eru jákvæðar. Mikilvægt er að fara yfir og samræma hugtaka- og orðanotkun í lögum og reglugerðum sem tengist vinnustaðanámi. Ákvæði í lögum sem gæfu ráðherra aukið umboð til að breyta reglum um innritun í framhaldsskóla er einnig jákvætt skref. Sérstaklega ef breytingar á innritunarreglum verða einnig til þess að auka aðgengi 18 ára og eldri nemenda að iðnnámsbrautum framhaldsskóla.

Breytingartillögur á ákvæðum laga um framhaldsskóla sem snúa að vinnustaðanámi eru eftirfarandi.

- a) að skýra hverjir bera ábyrgð á því að hafa yfirsýn yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði að taka nema í vinnustaðanámi og jafnframt skýra vinnulag þegar afskrá þarf fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla ekki lengur skilyrði reglugerðar til vinnustaðanáms. Tillögur um að breytingar á d.lið 25. gr. og 4. mgr. 28. gr. laga um framhaldsskóla.
- b) að skýra þurfi hlutverk rafrænna ferilbóka í lögum um framhaldsskóla og eins að taka af allan vafa í lögum um að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi telst vera hluti af námsmati. Ráðuneytið boðaðar breytingar á 30 gr. laga um framhaldsskóla sem fjallar um námsmat.
- c) að skýra ábyrgð framhaldsskóla á því að iðnnemandi komist í vinnustaðanámi.

Í tillögum ráðuneytisins er tekið fram að markmið ráðuneytisins með breytingartillögum sem snúa að vinnustaðanám sé að efla starfsnám. Vandséð er að þessar breytingartillögur stuðli að eflingu starfsnáms, eins og þær birtast í áformum ráðuneytisins um breytingar á lögum um framhaldsskóla.

Tillögur að breytingum í lögum sem snúa að skráningum og eftir atvikum afskráningum fyrirtækja á birtingaskrá er mikilvægt að skilgreina í lögum en eru fyrst og fremst praktískt úrlausnarefni.

Hlutverk rafrænna ferilbóka er að halda skrá um framvindu náms og námsferil nemenda á vinnustað þar sem iðnmeistarar og sveinar eftir atvikum sem tilsjónaraðilar nema á vinnustaða staðfesta hæfni nemenda. Vinnustaðanám er á ábyrð atvinnulífs – iðnmeistara, fyrirtækja og vinnustaða. Mikilvægt er að ítreka að það eru iðnnemar, iðnmeistarar fyrir hönd fyrirtækja og vinnustaða sem bera ábyrgð á skráning og staðfestingu á hæfni nema í rafrænni ferilbók – ekki umsjónaraðila með rafrænum ferilbókum í framhaldsskólum eða skólameistara framhaldsskóla.

Ráðuneytið boðar breytingar á 30. gr. laga um framhaldsskóla sem snýr að námsmati. Ekki er ljóst hver áform ráðuneytisins eru með breytingum á 30. gr. og mikilvægt að ráðuneytið skýri nánar hvað standi til. Bent er á að í 4.mgr. 30 gr. er fjallað um sveinspróf sbr. „Nám i löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi....o.s.frv.“ Ef áform ráðuneytisins er að taka út eða þynna ákvæði í lögum um framhaldsskóla sem fjalla um sveinspróf þá er mikilvægt að það komi skýrt fram hjá ráðuneytinu. Stjórn Nemastofu atvinnulífsins fyrir hönd fyrirtækja og félagsmanna í 36 iðngreinum mótmæla öllum áformum um breytingar 4. mgr. 30. gr. án samráðs við fulltrúa í atvinnulífi.

Í breytingartillögum er fjallað um að skýra þurfi nánar ábyrgð framhaldsskóla á vinnustaðanám í lögum um framhaldsskóla. Ástæða er að benda á ákveðin ómöguleika við framkvæmd þessa ákvæðis ef framhaldsskólar eiga að bera ábyrgð á því að koma öllum iðnnemum í vinnustaðnám. En eins og kunnugt er þá eru verulegir annmarkar á þeim úrræðum sem framhaldsskólar hafa í reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021 þegar iðnnemar komast ekki á iðnmeistarasamning - annmarkar sem tengjast m.a réttindum og skyldum nema og vinnustað, tryggingarmálum og fl.

Stjórn Nemastofu atvinnulífsins tekur fagnandi öllum áformum stjórnvalda að efla vinnustaðanám en bendir á að árangursríkasta leiðin til að efla vinnustaðanám sé að vinna tillögur í samstarfi og samráði við fulltrúa í atvinnulífi. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á mikilvægi þess að efla Vinnustaðanámssjóð eins og t.d. var bent á í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá apríl 2017.

Stjórn Nemastofu atvinnulífsins er tilbúin í samtal við ráðuneytið um raunveruleg úrræði sem koma til með að efla iðnnám í landinu og vinnustaðanám sérstaklega.

f.h stjórn Nemastofu atvinnulífsins



Hildur Elín Vignir